

Borgarráð

***MARK - endurnýjun samstarfssamnings***

Með bréfi dags. 11. desember sl. óskaði MARK - Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna Háskóla Íslands eftir endurnýjun samstarfssamnings við Reykjavíkurborg. Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samstarfssamningi við MARK fyrir árið 2017. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna samningsins er 1 mkr sem greiðist af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Bréf frá MARK dags. 11. desember 2016 um endurnýjun samstarfssamnings.  
Drög að samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og MARK fyrir árið 2017.



Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna



Borgarráð  
Reykjavíkurborg  
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 8. desember 2016

Efni: Ósk um endurnýjun samstarfssamnings við *MARK Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna* við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

Með þessu bréfi óska ég eftir að Reykjavíkurborg endurnýji samstarfssamning milli Reykjavíkurborgar og *MARK Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsóknna* við Háskóla Íslands sem var í gildi 2014-2016. Lagt er til að Reykjavíkurborg leggi til sömu upphæð og áður, þ.e. 1.000.000 krónur árlega, og að mótframlag MARK verði jafnhátt. Ráðgert er að Þorgerður Einarsdóttir prófessor í kynjafræði verði tengiliður og umsjónaraðili samstarfsins fyrir hönd MARK. Meðfylgjandi er greinargerð þar sem ósk um samstarf er rökstudd.

Með von um jákvæðar undirtektir,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jónína Einarsdóttir'.

Jónína Einarsdóttir

prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, formaður stjórnar MARK

## Rökstuðningur

Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og MARK hefur verið í gildi síðan 2014. Það er mat stjórnar MARK að samstarfið við Reykjavíkurborg sé farsælt og árangursríkt, það hafi styrkt starfsemi MARK og stuðlað að rannsóknum og þekkingarþróun í nánnum tengslum við vettvang. Samstarfið hefur gert MARK betur fært að rækja það hlutverk sitt auka hagnýtingu og miðlun fræðilegrar þekkingar auk þess sem það hefur gefið nemendum í HÍ tækifæri til að þróa hæfni sína með raunhæfum verkefnum á vettvangi borgarinnar.

Nærtæk og áhugaverð verkefni framundan með ávinning fyrir báða aðila eru sem fyrr rannsóknarverkefni og kannanir af ýmsu tagi, ráðgjafavinna, fræðsla, málþing, starfsþjálfun nemenda og eftir atvikum námskeið fyrir starfsmenn borgarinnar. Síðastliðin ár hefur áhersla í samstarfi aðilanna verið á kynjuð fjármál (gender budgeting) og þar liggja mörg samstarfstækifæri sem geta skapað báðum aðilum öflug sóknarfæri.

## Verkefni MARK 2016 samkvæmt samstarfssamningi við Reykjavíkurborg – áætlun verkefna 2017

### *Kynjuð fjármál (kynjuð fjárhags- og starfsáætlun KFS)*

Samstarf milli Reykjavíkurborgar og Félagsvísindasviðs (FVS) um kynjuð fjármál (eða kynjaða fjárhags- og starfsáætlun, KFS), hélt áfram á árinu 2016 samkvæmt samningi sem var undirritaður í desember 2014. Kynjuð fjármál byggjast á hugmyndinni um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við alla opinbera stefnumótun og áætlanagerð. Með samningnum gefst grunn- og framhaldsnemendum á Félagsvísindasviði tækifæri á að vinna rannsóknarverkefni tengd Reykjavíkurborg sem falla innan rammans. MARK er tengiliður milli FVS og borgarinnar og hefur MARK yfirumsjón með verkefnavinnunni og þeim þáttum sem falla undir samninginn. MARK hefur kynnt samninginn og hugmyndir að samstarfsverkefnum milli Reykjavíkurborgar og deilda Félagsvísindasviðs fyrir kennurum og nemendum. Í samvinnu við leiðbeinendur og kennara hefur hlutverk MARK verið að hafa umsjón með undirbúningi samstarfsverkefnanna, m.a. að tengja nemendur við rétta aðila í borgarkerfinu við öflug gagna í verkefni sem byggja á gagnasafni Reykjavíkurborgar. Fjöldi nema hefur sýnt áhuga á að vinna verkefni á þessu sviði. Vorið 2016 lauk BA-nemandi í félagsfræði lokaritgerð undir yfirskriftinni *Kynjaskipting og jafnrétti á vinnumarkaði. Staða karla í leikskólum Reykjavíkurborgar*. Jafnframt luku fimm namar verkefnum í kynjuðum fjármálum innan námskeiðsins *Hagnýting jafnréttisfræða: frá bróðurparti til systkinalags* sem er framhaldsnámskeið í kynjafræði. Eftir kynningu á samstarfi FVS og borgarinnar á haustönn 2016 eru þegar nokkrir meistaranemar komnir af stað með verkefni og aðrir sem hyggjast vinna að verkefnum á þessu sviði á vorönn 2017.

Þann 18. október 2016 tóku Reykjavíkurborg og Félagsvísindasvið, ásamt Fjármála- og efnahagsráðuneytinu þátt í ráðstefnunni „Kynjuð fjármál - fjárfesting til framtíðar“ í Háskóla Íslands en það var lokaráðstefna íslenska hluta ESB-verkefnisins GARCIA sem fræðimenn á FVS taka þátt í. Íslenski rannsóknarhópurinn hefur sérhæft sig í kynjuðum fjármálum og því var megináhersla ráðstefnunnar þar, sjá nánar á eftirfarandi slóð:

<http://www.stjornsyslustofnun.hi.is/en/node/1216>

**Typpið mun finna þig: Gagnkynhneigð, grunnskólinn og hinsegin fræðsla.** Þetta verkefni var unnið af Sólveigu Rós Másdóttur stjórn málafræðingi og MA-nema í kynjafræði undir handleiðslu Þorgerðar Einarsdóttur prófessors. Verkefnið var unnið í samstarfi við MARK, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur og Skóla- og frístundasvið borgarinnar með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Rannsóknarniðurstöður voru kynntar í Ráðhúsi Reykjavíkur í 12. apríl 2016, sjá slóðina <http://reykjavik.is/frettir/typpid-mun-finna-thig-hinsegin-fraedsla>.

### **Námskeið: Flóttafólk og hælisleitendur**

Námskeiðið *Flóttafólk og hælisleitendur* var kennt á vorönn 2016. Námskeiðið er þverfaglegt meistaranámskeið um flóttafólk og hælisleitendur og er það samvinnuverkefni félagsráðgjafardeildar HÍ, lagadeildar HÍ, námsbrautar í mannfræði (félags- og mannvísindadeild HÍ) og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur. Kennarar sem að námskeiðinu standa eru: Brynhildur G. Flóvenz, dósent við lagadeild, Edda Ólafsdóttir, sérfræðingur í innflytjendamálum á Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, Guðbjörg Ottósdóttir, lektor í félagsráðgjöf, Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði og Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði. Auk þess eru aðrir kennarar og gestir sem leggja fram sérþekkingu sína. Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu og skilning fagfólks og háskólanema á málefnum flóttafólks og hælisleitenda frá sjónarhóli félagsráðgjafar, lögfræði og mannfræði. Námskeiðið er kennt í lotum sem deilast á sex daga, samtals 30 kennslustundir.

### **Mentor: Ráðgjöf laganema og félagsráðgjafarnema fyrir flóttafólk og hælisleitendur**

Á fyrri hluta ársins 2016 fór fram tilraunaverkefni um ráðgjöf og stuðning nemenda í lagadeild og félagsráðgjafardeild HÍ við hælisleitendur og flóttafólk. Að verkefninu stóðu Brynhildur G. Flóvenz, dósent við lagadeild, Guðný Eydal, prófessor við félagsráðgjafardeild, sem báðar eru aðilar að MARK, og Sólveig B. Sveinbjörnsdóttir, sem þá var verkefnastjóri málefna hælisleitenda hjá Reykjavíkurborg auk nemendafélaga og Stúdentaráðs. Í verkefninu tóku þátt 14 nemendur, starfsfólk á velferðarsviði Reykjavíkurborgar og kennarar við lagadeild og félagsráðgjafadeild. Styrkur fékkst úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að gera úttekt á verkefninu og rannsaka réttarstöðu hælisleitenda og flóttafólks hér á landi og var skýrslu skilað þar um haustið 2016. Einnig fékkst styrkur úr Þróunarsjóði innflytjendamála m.a. til að þróa gerð kennsluefnis.

### **Verkefni framundan 2017**

#### **Kynjuð fjármál**

Samstarf Reykjavíkurborgar og FVS um kynjuð fjármál mun halda áfram og hafa margir nemendur bæði í grunn- og framhaldsnámi sýnt áhuga á að skrifa lokaritgerðir á því sviði. Nokkur slík verkefni eru í farvatninu og búið er koma á tengslum milli þessara nema og Reykjavíkurborgar. Kynning á kynjuðum fjármálum mun fara fram í byrjun vorannar 2017. Mikil þekking hefur skapast á kynjuðum fjármálum á FVS og sérstaklega innan GARCIA hópsins og verður þeirri vinnu markvisst haldið áfram. Því eru mörg samstarfstækifæri og sóknarfæri í auglýsningu sem endurnýjun samnings milli MARK og borgarinnar myndi efla.

### ***Diplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði***

Líkt og undanfarin ár munu nemar í diplómanámi í hagnýtri jafnréttisfræði sem og í námskeiðinu *Hagnýting jafnréttisfræða: frá bróðurparti til systkinalags* njóta stuðnings MARK í tengslum við verkefni sem unnin eru í samvinnu við svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar, hvort heldur þau falla innan eða utan ramma kynjaðra fjármála. Þá eru möguleikar fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar að taka námskeiðið en það er bæði staðkennt og fjarkennt. Umsjónarkennari námsins er Þorgerður Einarsdóttir prófessor í kynjafræði.

### ***Starfsþjálfun í jafnréttisfræði***

Möguleikar á frekara samstarfi FVS og Reykjavíkurborgar hafa skapast með nýju valnámskeiði á framhaldsstigi í kynjafræði og diplómanámi í hagnýtri jafnréttisfræði. Námskeiðið felst í fimm vikna starfsþjálfun á vettvangi hagnýts jafnréttisstarfs þar sem nemendur vinna almenn störf og sérstök verkefni sem tengjast náminu. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar og fleiri starfseiningar innan Reykjavíkurborgar eru ákjósanlegir og eftirsóknarverðir samstarfsaðilar í þessu samhengi. Umsjónaraðilar námsins eru Gyða Margrét Pétursdóttir lektor í kynjafræði og Þorgerður Einarsdóttir prófessor í kynjafræði.

### ***Námskeið: Flóttafólk og hælisleitendur***

Gert er ráð fyrir því að halda áfram samstarfi um meistaranámskeiðið *Flóttafólk og hælisleitendur* og stefnt að því að kenna námskeiðið á haustönn 2017.

### ***Mentor: Ráðgjöf laganema og félagsráðgjafarnema fyrir flóttafólk og hælisleitendur***

Fyrirhugað er að halda áfram að þróa ráðgjöfina í samstarfi við Reykjavíkurborg og mun nýr hópur nemenda taka þátt í verkefninu á vorönn 2017. Þegar ráðgjöfin hefur fest sig í sessi má gera ráð fyrir að hún geti nýst Reykjavíkurborg mjög vel.

### ***Fyrirlestarar og málstofur MARK 2016***

Þema fyrirlestrarraðar á vorönn 2016 var *Ísland heiman og heim – útflytjendur - innflytjendur* þar sem áhersla var á frásagnir aðfluttra sem búa á Íslandi og Íslendinga sem búið hafa erlendis. Enda þótt fyrirlestrarröðin hafi ekki formlega verið skilgreind sem hluti af samstarfi MARK og borgarinnar fellur hún vel að fjölmenningsráherslum Reykjavíkur og sýnir hvar möguleikar eru til frekara samstarfs. Hér að neðan er yfirlit yfir fyrirlestrarröðina.

#### **2016 Vor**

5. feb. *Aldrei fór ég Westur*. Friðrik Þór Guðmundsson blaðamaður. Þjóðminjasafn kl. 12-13.

6. feb. *Fræði og fjölmennning – Uppbygging og þróun íslensks fjölmenningsamfélags*.

Ráðstefna Aðalbyggingu HÍ kl. 10-14:30.

19. feb. *Íslendingur, innflytjandi, eða hvort tveggja?* Sólveig Hulsdóttir Georgsdóttir þýðandi. Þjóðminjasafni kl. 12-13.

22. feb. *Seeking Home in a Strange Land: True stories of the changing meaning of home* Dr. Sietske Dijkstra gestakennari við Félagsráðgjafadeild HÍ. Norræna húsið kl. 12-13:15.

25. feb. *Arfur Simone de Beauvoir: Pólítísk vitundarvakning og femínískar þversagnir*  
Valgerður Pálmadóttir doktorsnemi í hugmyndasögu við háskólann í Umeå í Svíþjóð. Askja  
stofa 129 kl. 12-13.
9. mars. *Loksins lögráða? Réttur kvenna til að taka ákvarðanir um eigið líf - endurskoðun  
laga um fóstureyðingar.* Málþing Þjóðminjasafni kl. 14:30-17.
11. mars. *Öðruvísi á litinn – ytra útlit, innri hugsun.* Svava Bernharðsdóttir víóluleikari.  
Þjóðminjasafni kl. 12-13.
18. mars. *Hvar er heima? Ólöf Garðarsdóttir sagnfræðingur.* Þjóðminjasafn kl. 12-13.
1. apríl. *Þangað og til baka aftur - Reynsla innflytjanda af flutningum að heiman og heim.*  
Sabine Leskopf þýðandi og varaborgarfulltrúi. Þjóðminjasafn kl. 12-13.
15. apríl. *Hér á ég heima! – Frá Filippseyjum til Íslands.* Violeta Tolo Torres, verkefnisstjóri  
á fjármálasviði Háskóla Íslands. Þjóðminjasafn kl. 12-13.
6. maí. *Það var einu sinni land, en það eru líka til svo mörg lönd í heiminum.* Tatjana  
Latinovic, stjórnandi hugverkadeildar Össurar hf og varaformaður Innflytjendaráðs.  
Þjóðminjasafn kl. 12-13.

# **Samstarfssamningur Háskóla Íslands/MARK – Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsóknna og Reykjavíkurborgar**

## **Háskóli Íslands/MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna og Reykjavíkurborg gera með sér eftirfarandi samning um samstarf um margbreytileika- og kynjarannsóknir við Háskóla Íslands:**

### **Inntak**

Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg skuldbinda sig til samstarfs um margbreytileika og kynjarannsóknir samkvæmt samningi þessum. Reykjavíkurborg greiðir árlega framlag til Háskóla Íslands, **MARK – Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsóknna** sem rennur til samstarfsverkefna á sviði margbreytileika og kynjarannsóknna.

### **Markmið**

1. Markmið samstarfsins er að stuðla að auknum margbreytileika- og kynjarannsóknnum og miðlun fræðilegrar þekkingar með áframhaldandi rannsóknnum og fræðslu á því sviði. Markmiðinu skal ná með rannsóknnum, með því að hvetja til margbreytileika- og kynjarannsóknna meðal vísindamanna og framhaldsnema við Háskóla Íslands og innan íslensks fræðasamfélags og með því að efna til funda og fræðslu á sviði margbreytileika- og kynjarannsóknna.

### **Framlög samstarfsaðila**

2. Framlag Reykjavíkurborgar til verkefna samkvæmt samningi þessum verða kr. 1.000.000.-, ein milljón. Háskóli Íslands skuldbindur sig til að greiða mótframlag vegna sammings þessa sem nemur 1.000.000.- einni milljón - og verður í formi vinnuframlags starfsmanna, m.a. forstöðumans MARK.

### **Verkefni fyrir Reykjavíkurborg**

3. Verkefni í samstarfi við Reykjavíkurborg eru ákvörðuð af samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands/MARK samkvæmt lið 4. Verkefnin skal ákvarða á reglulegum samráðsfundum sem haldnir verða a.m.k. á fjögurra mánaða fresti. Sérstök áhersla á samningstímabilinu verður lögð á verkefni sem eru Reykjavíkurborg mikilvæg hverju sinni. Má þar nefna vinnu við að útrýma kynbundnum launamun, leiðir til að auka þátttöku fatlaðs fólks í atvinnulífi, styðja við jafnréttisskólann og kynjaða fjárhags- og starfsáætlun með ráðgjöf, fræðslu um málefni hælisleitenda og flóttafólks og annað sem þörf er fyrir á fræðasviði MARK.

### **Framkvæmd sammings og samstarfsnefnd sammingsaðila**

4. Fyrir hönd Háskóla Íslands er MARK ábyrgt fyrir framkvæmd sammingsins, en mannréttindaskrifstofa fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Háskóli Íslands og borgarráð Reykjavíkur skipa tvo fulltrúa hver í samstarfsnefnd. Mannréttindastjóri

Reykjavíkurborgar og forstöðumaður MARK undirbúa og boða fundi samstarfsnefndarinnar. Bæði mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar og forstöðumaðurinn hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar en ekki atkvæðisrétt. Samstarfsnefndin mun m.a. fjalla um samstarfsverkefni skv. lið 3 og leiðir til að hvetja til margbreytileikarannsókna og samstarfs skv. lið 1.

5. Greiðslur skulu inntar af hendi tvisvar á ári, 15. maí og 15. október og er hvor greiðsla kr. 500.000.-, heildargreiðsla skv. samningnum 1 m.kr., og skal Háskóli Íslands senda reikninga til Reykjavíkurborgar vegna þeirra.
6. MARK skal skila greinargerð að loknu hverju starfsári um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar og framvindu samstarfs, í síðasta lagi 1. mars, og ársreikningi þegar hann liggur fyrir þó eigi síðar en 30. september. Í greinargerðinni skal tilgreina, með vísan í mannréttindastefnu borgarinnar, hverjir eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna fjárframlags Reykjavíkurborgar.

### **Trúnaður og kynningarmál**

7. Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa nema lög kveði á um annað, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Þagnarskyldan helst eftir samningslok. Fulltrúar viðsemjanda skulu virða þagnarskyldu skv. 101 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og meðhöndla persónuupplýsingar af fyllsta trúnaði og gæta ákvæða laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
8. MARK skal halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af Reykjavíkurborg og skal upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að MARK njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

### **Gildistími samningsins og fyrirvari**

9. Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2017 til 31. desember árið 2017, en fellur þá úr gildi án uppsagnar, nema hann hafi verið endurnýjaður áður.
10. Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og eru fjárveitingar Reykjavíkurborgar eftir fyrsta ár samningsins með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir það.

### **Efndir samnings**

11. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu viðsemjanda. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna efnda samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



Reykjavík, [Dags.]

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Reykjavíkurborgar

rektor Háskóla Íslands

borgarstjóri

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

---

Nafn kt.

---

Nafn kt.